

**Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi**

Eftirlit með fiskeldisstöð - Gátlisti

Nafn rekstraraðila: Fjallableikja ehf.	Dags. eftirlits: 2.12.20	Staðsetning stöðvar: Hallkelshólum Grímsnesi	Brottfallinn starfsleyfisflokkur: 4
Kennitala rekstraraðila: 670809-0720	Gildistími starfsleyfis: 21.10.21	Kvittun afhent: Nei	Gerð stöðvar: Landeldi allt að 20 tonnum árlega

Starfssemi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Er umfang í samræmi við starfsleyfi?		X		Framleiðsla hefur verið langt umfram heimild í starfsleyfi undanfarin ár. Starfsleyfi er einungis fyrir 20 tonna framleiðslu á ári en rekstraraðili framleiddi 85 tonn 2018, 100 tonn 2019 og þegar eftirlitið fór fram höfðu verið framleidd 60 tonn á árinu 2020. Lífmassi er alla jafna 60-70 tonn í stöðinni.
Breytingar á starfsemi frá síðasta eftirliti? Áætlaðar breytingar?	X			Nýr stöðvarstjóri er tekinn við. Dauðfiskur fer ekki lengur í meltutank á starfsstöðinni heldur fer með slógi í Skinnfisk.
Er innra eftirlit og skráningar í samræmi við starfsleyfi (sjá grein 1.4 í starfsleyfissskilyrðum).	X	X		Skráningar í lagi. Afstöðumynd hangir uppi og fylgst er með notkun spilliefna og lyfja út frá innkaupum. Vel er haldið utan um magn fisks og fóðurs sem er gefið. Afföll eru skráð í stykkjafjölda nema í smáseiðum. Ekki er haldið utan um magn annars úrgangs. Ekki til skráningar um losun næringarefna.
Ársskýrsla/samantekt skilað fyrir 1. maí?			X	Á ekki við en gögn þurfa að vera aðgengileg eftirlitsaðila.
Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi skilað fyrir 1. maí?			X	Á ekki við.

Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi

Er áhættumat og uppfærðar viðbragðsáætlanir aðgengilegar á staðnum? (viðbragðsáætlun vegna bráðmengunar, viðbragðsáætlun vegna tímabundinnar og ótímabundinnar rekstrarstöðvunar)	X			Í lagi. Viðbragðsáætlanir v. olíumengunar og v. slysasleppingar hanga uppi. Áætlun v. rekstrarstöðvunar var til staðar.
Samráðsfundur? Næsti fundur boðaður?			X	Á ekki við.
Er trygging vegna bráðamengunar í gildi?			X	Á ekki við.
Er neyðaráætlun til staðar?	X			Í lagi.

Umhverfi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Umhverfismarkmið og umhverfisstjórnunarkerfi?			X	Á ekki við
Stýring á fóðurgjöf þannig að úrgangsmýndun sé í lágmarki?	X			Klukkufóðrarar og daglegt sjónmat. Magn er áætlað frá framleiðsluáætlun sem metur fóðurgjöf fyrir daginn í excel skjali. Fóðurstuðull er í lagi.
Er skráning á losun fósforis og köfnunarefnis? Eru losunarmörk virt? Mælingar eða útreikningar? Síðustu mælingar?		X		Ekki skráð. Hvorki verið reiknað út né mælt síðan seinasta eftirlit fór fram.
Ástand frárennslis. Eru set eða útfellingar? Olía eða froða? Sorp eða aðrir aðskotahlutir? Hitauppgufun frá frárennslis? Er óeðlileg lykt? Er fiskur í frárennslis?	X			Kalt var í veðri en frárennslid leit vel út, engin froða eða fita sjáanlegt. Stór fiskur er enn í frárennslisskurði þrátt fyrir ábendingu þess efnis í seinasta eftirliti að fjarlægja hann. Tankur er enn í miðri settjörn þrátt fyrir ábendingu þess efnis í seinasta eftirliti að fjarlægja hann.

**Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi**

Nánari lýsing á mengunarvarnarbúnaði í frárennsli, síun, settjörn, tromlur, oþh. Leið frárennslis frá keri að viðtaka.	X			Frárennsli útikerja rennur eftir skurði að settjörn. Frárennsli frá innikerjum sem sameinast læk og yfirfalli vatns úr vatnshúsi. Lækurinn sameinast skurði frá útikerjum og rennur í settjörn. Einnig rennur í settjörnina lækur við hlið íbúðarhúss Hallkelshóla. Úr settjörninni rennur vatnið og sameinast frárennsli frá tjörnum og sumarhúsabyggð.
Ástand og lýsing viðtaka (s.s. fjarlægð frá kerum, ferskvatn, sjór).	X			Ferskvatn, sjá að ofan.
Er eftirlit með vatnsgæðum í viðtaka.			X	Ekki hefur verið fylgst með vatnsgæðum í viðtaka.
Meðhöndlun úrgangs og spilliefna í samræmi við starfsleyfi? Söfnun og förgun dauðfisks?	X			Dauðfiskur fer í Skinnfisk, en magnskráningar eru ekki aðskildar frá magni slógs sem fer frá vinnslunni í Hafnarfirði. Öryggisblöð hanga uppi. Notast er við formalín í litlu magni, Virasure og sápur. Almennt sorp er sótt af sveitafélagi. Bretti eru endurnýtt, t.d. undir fisk sem sendur er í vinnslu. Plast undan fóðri fer á gámastöð í Seyðishólum. Stöðvarstjóri er byrjaður að safna stórsekkjum saman til að senda í endurvinnslu Pure North.
Er umhverfissvöktun í samræmi við starfsleyfi?			X	Á ekki við.
Skil á niðurstöðum mælinga umhverfissvöktunar.			X	Á ekki við.
Skil á öðrum mælingum sem nefndar eru í starfsleyfi, ef við á.			X	Á ekki við.
Næstu áætluðu mælingar? Hverjar? Er það skv. starfsleyfi?			X	Mælingar eru skv. rekstraraðila áætlaðar á árinu 2021 í samhengi við starfsleyfisumsókn.

Eftirlit með fiskeldisstöð Landeldi

Hver sér um mælingarnar?				
--------------------------	--	--	--	--

Niðurstöður síðasta eftirlits:

Frávik er varðaði umfang starfsleyfis frá eftirliti 2017 var ítrekað í eftirliti 2018. Búið var að bregðast við frávikum seinasta eftirlits er vörðuðu umgengni, neyðar- og viðbragðsáætlun og frágang olúgeymis. Nýtt frávik kom þó fram við eftirlitið er varðaði olúgeymi og ábending var gerð er varðaði uppfærslu áætlana. Við eftirlit 2018 kom einnig nýtt frávik fram frá samræmdum starfsleyfis skilyrðum fyrir fiskeldi á landi, er varðaði skráningar. Auk ábendingar er varðaði uppfærslu áætlana voru tvær aðrar ábendingar gerðar, er vörðuðu fisk við frárennsli og plasttank sem var í settjörn.

Samantekt:

Stöð sem elur fisk til slátrunar. Fiskurinn er blóðgaður á staðnum og sendur í bæinn í vinnslu. Starfleyfi er fyrir 20 tonnum á ári, sem er í gildi til 21. október nk.

Frávik er varðaði umfang starfsleyfis frá eftirliti 2017 er enn opið.

Frávik eru skráð vegna framleiðslu 2018, 2019 og 2020 umfram heimild starfsleyfis. Rekstrarleyfi er fyrir framleiðslu að 100 tonnum á ári en rekstraraðili þarf að starfa í samræmi við bæði starfs- og rekstrarleyfi.

Losun fosfórs og köfnunarefnis hefur ekki verið skráð, og ekki hefur verið mælt í frárennsli síðan seinasta eftirlit fór fram þrátt fyrir að fulltrúi rekstraraðila áætlaði slíkar mælingar fljótlega eftir að eftirliti færi fram.

Ábendingar voru gerðar varðandi fisk í frárennsli og tank í settjörn í eftirliti 2018. Þeim var ekki sinnt og því eru skráð frávik í eftirlitinu vegna þeirra atriða.

Umgengni innan stöðvar er góð, en mikið er af rusli utandyra sem þarf að fjarlægja. Einnig þarf að fjarlægja tankana sem notaðir voru undir meltu, þar sem því hlutverki er lokið.

Annað:

Sjá eftirlitsskýrslu.

Undirskrift eftirlitsmanns:

Hulda S. Jónasdóttir

EFTIRLITSSKÝRSLA

Fjallableikja ehf Hallkelshólum Grímsnesi



Dags eftirlits	2.12.2020	Ábyrgðarmaður eftirlits	Hulda Soffía Jónasdóttir
Fyrirtæki	Fjallableikja ehf	Eftirlitsmaður	Hulda Soffía Jónasdóttir
Heimili	Hallkelshólum	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	670809-0720	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Jóhann Gestsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Sex frávik komu fram við eftirlitið er varða framleiðslu áráanna 2018, 2019 og 2020, skráningar á losun efna, fisk í frárennsli og tank í settjörn.

Frávik sem var skráð í eftirliti 2017 vegna umfangs ársins 2016 er enn opið. Umfang ársins 2017 var einnig umfram leyfilega framleiðslu skv. starfsleyfi.

Eftirfylgni með frávikinu var frestað þar sem sótt var um starfsleyfi haust 2018, en þar sem fullnægjandi umsókn hefur ekki borist og því ekki verið sinnt að senda inn matskyldufyrirspurn, líkt og rekstraraðila hefur verið bent á að sé nauðsynlegt, mun eftirfylgnin hefjast frá því sem frá var horfið. Því verður fylgt eftir í aðskildu bréfi.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt með vísan í 57. gr. reglugerðar 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Vísað er í meðfylgjandi gátlista.

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Áhættumat til ákvörðunar tíðni eftirlita
- Farið yfir seinustu eftirlitsskýrslur, frávik og úrbætur
 - o Olúgeymar
 - o Starfsleyfisumsókn, staða
- Skráningar og innra eftirlit sbr. gr. 1.4 í samræmdum starfsleyfisskilyrði fyrir fiskeldi á landi
 - o Umfang 2018, 2019 og það sem af er ári 2020
 - o Afföll 2018, 2019 og það sem af er ári 2020
 - o Fóðurnotkun og fóðurgerð
 - o Viðbragðs- og neyðaráætlanir
 - o Losun efna í umhverfið
 - o Magn og meðhöndlun (endurvinnsla eða förgun) úrgangs
 - Spilliefni og lyf
 - Dauðfiskur
 - Annar úrgangur
 - o Mengunaróhöpp eða kvartanir
- Umgengni um mengandi efni
- Frárennsli, hreinsun og mælingar
- Skráning olúgeyma skv. reglugerð 884/2017

Nánar um frávik frá gr. 2.1 og gr. 2.2 í samræmdum starfsleyfiskilyrðum fyrir fiskeldi á landi:

Ábending var gerð í eftirliti 2018 er snéri að fiski við útrás útikerja og fiski í frárennisskurði. Rekstraraðila ber skv. greinum 2.1 og 2.2 að nota bestu aðgengilegu tækni til að fyrirbyggja að mengun hljótist af rekstrinum og skal tryggja umhverfisvernd og þar með talið að fiskur komist ekki út í frárennslid. Þar sem ábendingu 2018 var ekki sinnt er skráð frávik þess efnis í eftirliti nú.

Frávik frá

Lýsing á fráviki

starfsleyfi

Starfsleyfi fyrir fiskeldi gefin út af heilbrigðisnefndum geta að hámarki verið fyrir eldi að 20 tonnum með fráveitu í ferskvatn, sbr. þágildandi reglugerð. Framleiðsla árið 2018 var langt umfram það, eða um 85 tonn.

starfsleyfi	Starfsleyfi fyrir fiskeldi gefin út af heilbrigðisnefndum geta að hámarki verið fyrir eldi að 20 tonnum með fráveitu í ferskvatn, sbr. þágildandi reglugerð. Framleiðsla árið 2019 var langt umfram það, eða um 100 tonn.
starfsleyfi	Starfsleyfi fyrir fiskeldi gefin út af heilbrigðisnefndum geta að hámarki verið fyrir eldi að 20 tonnum með fráveitu í ferskvatn, sbr. þágildandi reglugerð. Framleiðsla það sem af er ári 2020 er langt umfram það, eða um 60 tonn þegar eftirlitið fór fram.
gr. 1.4 í samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi	Skrá á losun á efnum frá eldi. Ekki hefur verið mælt eða losun köfnunarefnis og fosfórs frá eldinu reiknuð út.
gr. 2.3 í samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi	Rekstraraðila ber að ganga úr skugga um að á öllu athafnasvæði sé gætt fyllsta hreinlætis og allt sem starfseminni tilheyrir skal ekki valda óþrifum eða óþægindum fyrir nágretta. Plasttankur sem f auk út í settjörn fyrir meira en 2 árum hefur ekki verið fjarlægður og er þar enn þrátt fyrir ábendingu þess efnis í eftirliti 2018.
gr. 2.1, og 2.2 í samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi	Rekstraraðili skal nota bestu aðgengilegu tækni til að fyrirbyggja mengun og skal tryggja umhverfisvernd. Bent var á í eftirliti 2018 að fjarlægja skyldi fisk við útrás og í frárennisskurði/settjörnum. Það hefur ekki verið gert, sjá nánar undir umfangi eftirlits.

ANNAÐ

Í eftirlitinu voru kynntar niðurstöður áhættumats 2019 vegna tíðni eftirlits og farið yfir þá þætti sem rekstraraðili getur haft áhrif á til hækkunar eða lækkunar tíðni eftirlits. Athugasemdir komu fram við áhættumat Fjallableikju, sem verða teknar til skoðunar innan stofnunarinnar.

Umhverfisstofnun hefur unnið leiðbeiningar um útreikninga á losun frá fiskeldi. Leiðbeiningarnar voru kynntar í eftirlitinu og rekstraraðili hvattur til að nýta sér þær til ákvörðunar á losun í skráningum og ársskýrslum.

Farið var yfir áhersluverkefni Umhverfisstofnunar og heilbrigðisnefnda um skráningar oliugeyma. Rekstraraðili er hvattur til að senda inn skráningar fyrir oliugeyma starfstöðvar sem fyrst.

Leiðbeiningar um meðhöndlun fastefnis frá fiskeldi á landi og um tilkynningar mengunaróhappa voru sendar rafrænt í kjölfar eftirlitsins.

Rekstraraðili gerði athugasemdir við frávik vegna umfangs, þar sem 100 tonna leyfi væri í gildi. Eftirlitsaðili bendir á að gildandi starfsleyfi er fyrir að hámarki 20 tonnum líkt og er rakið í frávikum en rekstrarleyfi tekur til 100 tonna framleiðslu. Hafa þarf bæði starfs- og rekstrarleyfi til rekstur fiskeldisstöðvar í samræmi við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og lög nr. 71/2008 um fiskeldi. Athugasemdinni hefur verið svarað frekar í tölvupósti.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 21.12.2020


Hulda Soffía Jónasdóttir